



## Umsögn Samtaka um dýravelferð á Íslandi um breytingu á lögum velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi)

Samtök um dýravelferð á Íslandi (SDÍ) harma þá ákvörðun ráðherra að leyfa eigi blóðtöku fylfullra mera áfram næstu 3 ár. Með nýlegri reglugerð hefur ráðherra mistekist að tryggja velferð blóðtökuhryssa þar sem reglugerðin breytti engu um aðstæður þeirra. Umsögnin styður frumvarpið.

### Blóðmagn

Samtökin hafa ítrekað gagnrýnt magn blóðs sem tekið er. Fimm lítrar af blóði eru 15-20% af heildarblóðmagni íslenska hestsins. Það eru teknir allt að 40 lítrar af blóði úr fylfullum og oftast mjólkandi merum yfir 8 vikna tímabi. Að blóð sé tekið í þessu magni og þessari tíðni þekkt hvergi og benda öll vísindi um blóðtöku spendýra til þess að hér sé gengið langt úr fyrir heilsusamleg mörk. Þær þurfa að endurnýja allt sitt blóðmagn og 8- 15 lítra til viðbótar á þeim tíma. Það gefur auga leið að þessu fylgir líkamlegt álag og þjáning.

### Meðferð blóðtökuhryssa

Rétt eins og Mette Uldhal varaformaður Evrópsku hestadýralæknasamtakanna (FEEVA) sagði, þá er það dýranið að nota ótamdar og hræddar hryssur til blóðtöku. Í reglugerð um hestahald eru ríkar kröfur gerðar til hestaeigenda og þeirra sem annast um hross að gæta að líðan þeirra og velferð. Meðferð blóðmera er ekki undanskilin ákvæðum reglugerðar um hestahald, þ.m.t. ákvæði um að þvinga hross, binda þau eða uppgefa með því um líku. Á þetta skal minnt, þ.e. að vísa skal til reglugerðar 910/2014 varðandi umgengni og meðferð hrossa almennt. Í reynd er óumdeilt að í lagalegum skilningi veldur þessi iðja hryssunum álagi og þjáningu. Í ljósi þess að myndband AWF/TSB sýndi atvik þar sem dýralæknar stóðu aðgerðarlausir hjá á meðan blóðmerar voru beittar harðræði, sem svo síðar varð tilefni til lögreglukæru, er ekki traust til þess að sömu dýralæknar meti af réttri dómgreind hvenær tilefni er til að stöðva aðgerð.

### Falinn iðnaður

Í myndinni "Iceland – Land of the 5,000 Blood Mares" sést ofbeldi í garð fylfullra mera við blóðtöku. Hér hafa talsmenn blóðmerahalds fullyrt að einungis um frávík séu að ræða. En leynd hvílir yfir blóðtökunni. Þekkt er að utanaðkomandi aðilum er ekki velkomið að fylgjast með blóðtöku og dæmi um þetta sjáum við á myndbandinu. Einnig hefur Ísteka hafnað beiðni fulltrúum SDÍ um viðveru á blóðtökustað. Það ríkjá efasemdir meðal hestamanna um hvernig megi koma ótamdri hryssu inn í þröngan blóðtökubás frá folaldi sínu án átaka. Hestar læra af reynslunni og hafa gott minni, hryssurnar vita hvað mun eiga sér stað í blóðtökubásnum svo ólíklegt er að þær valsi inn í hann óþvingaðar. Myndavélaeftirlit ætti að vera með blóðtökunni sjálfri og meðferð hryssanna í leiðingu að og frá blóðtökubási líkt og Fagrað um velferð dýra hefur lagt til.

## Skortur á gögnum

Seint á árinu 2021 var kallað eftir þeim rannsóknum sem oft var vísað í, rannsóknum þeim er áttu að sýna að neikvæð áhrif blóðtökunnar á heilsu þessara hryssa væru engin. Engar slíkar rannsóknir eru til og það sem meira er að blóðmagn íslenskra hrossa hefur verið ofmetið um 10 lítra. Viðmiðunargildi fyrir blóðrauða hjá fylfullum hryssum eru ekki til. Engar járnþæningar í blóði eru til fyrir þessar hryssur en járn er nauðsynlegt fyrir myndun blóðrauða og þar með rauðra blóðkorna. Vert er að nefna að járnþörf eykst á meðgöngu og framleiðsla blóðkorna er járnkrefjandi. Engar aðrar blóðefnamælingar er til, engin gögn um blóðþrýsting, hjartsláttartíðni eða öndunartíðni eftir blóðtöku. Engar þyngdarmælingar er til, hvorki þyngd hryssanna né afkvæma. Hvernig sem á þetta er litið er það ljóst að blóðtakan er umdeild og blóðmagníð gagnrýnt og ekki allir á sama máli. Að Matvælastofnun(MAST) hafi ekki á þessum langa tíma sem blóðmerahald hefur viðgengist staðið undir því að framkvæmd hafi verið óháð rannsókn á heilsu hryssanna er skammarlegt. Eftirlitsaðili er einnig sekur um vanþekkingu á grundvallaratriðum, sbr. blóðmagn íslenska hestsins. Einu gögnin sem MAST og talsmenn blóðmerahalds bera fyrir sig eru mælingar gerðar af fyrirtækinu sem hagnast af blóðtökunni. Mælingarnar eru úr minna en 2% úrtaki og eru gerðar annað hvert ár. Þessi gögn eru verulega takmörkuð en þó má úr þeim lesa að margar hryssur liggja langt undir heilsusamlegum mörkum í blóðrauða.

## Blóðtaka úr fylfullum hryssum brýtur reglur EES

Ísland er aðili að fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og á því að fylgja reglum Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Stjórnvöld hafa staðfest að um blóðmerahald gildi lög um velferð dýra og reglugerð um velferð hrossa en ekki lög um vernd dýra sem eru notuð í tilraunaskyni. En að nota dýr til að framleiða lyf er tilraun á dýrum og því er það brot á reglugerð EES, sem Ísland samþykkti árið 2017. Þar er tekið fram að tilraun skuli ekki gerð á dýrum ef önnur leið er í boði til að til að ná fram þeim niðurstöðum sem sóst er eftir, sem felur ekki í sér notkun á lifandi dýri. Til er fjöldi viðurkenndra lyfja sem gegna sama hlutverki og PMSG.

## Framtíð blóðmerahalds

Stjórnvöld Íslands verða að uppfæra lög í takt við skilning samtímans á velferð dýra. Að ræna fylfullar, mjólkandi hryssur blóði sínu til þess að framleiða frjósemislyf í gróðaskyni samræmist engan veginn þessum skilningi og ætti að heyra sögunni til. Frjósemislyf þetta eykur álag á önnur dýr umfram náttúrulega frjósemi þeirra svo hægt sé að hámarka arðsemi í framleiðslu á kjöti. Rót frjósemisvandamála sem þessi dýr glíma við eru m.a. tilkomin vegna þeirra ömurlegu aðstæðna sem maðurinn býður þeim. Alþjóðlegur [undirskriftalisti](#) sem hvetur íslensk stjórnvöld til að stöðva blóðmerahald telur nú rúmlega 124.000 undirskriftir.

Þar afleiðandi fer stjórn SDÍ þess á leit við stjórnvöld á Íslandi að þau banni samstundis blóðtöku fylfullra hryssa og framleiðslu PMSG með lögum.

Virðingarfyllt,

*Stjórn Samtaka um dýravelferð á Íslandi*